

Bólusetningaleynd og óheilindi

Rannsóknablaðamenn breska miðilsins, Exposé, hafa lagst yfir opinber gögn um covid-19 bóluefnin og trúnaðarskjöl frá lyfjafyrirtækjunum. Niðurstöður rannsóknað þeirra má lesa í hjálagðri grein. Þeir tilgreina allar heimildir, svo að við, vantrúa bjöllusauðir, mættum brjóta þær til mergjar og ganga úr skugga um, að rétt sé farið með staðreyndir.

Það er í sjálfu sér fjarstæðukennt, að lýðræðisleg yfirvöld og embættismenn hafi vitað um alvarlegar aukaverkanir (eða hefðu átt að vita), en þagað þunnu hljóði. Vona, að einhver mér viti bornari fari nákvæmar í saumana á þeim gögnum, sem liggja þessum fullyrðingum til grundvallar - og fræði mig og aðra. Og allra helst ógildi niðurstöðurnar með réttu.

Helstu efnisatriði eru þessi:

Opinberar skýrslur (OS) yfirvalda víðs vegar um veröldina sanna feikilega umframdánartíðni í samanburði við meðaltal síðustu fimm ára.

OS sanna, að bólusetningin við covid-19 hafði orðið 1 af 73 að aldurtila undir lok maí 2022.

OS sanna, að covid-19 sprauturnar leiða að minnsta kosti 75 sinnum oft til dauða en öll önnur bóluefni samtals.

OS sanna, að dánartíðni miðað við 100.000 íbúa er lægst meðal óbólusettra í sérhverjum aldurflokki.

OS sanna, að aukning dánartíðni raungerist aðeins fimm mánuðum, eftir bólusetningu.

OS sanna, að covid-19 bólusetningar veikja ónæmiskerfið.

OS sanna, að 9 af hverjum 10 andlátum af völdum covid-19 árið 2022 voru meðal hinna bólusettu.

OS sanna, að tíðni fæðinga lækkar og nýburadauði hefur náð alvarlegu stigi.

OS sanna, að líkur á fósturláti aukast um 1.517% við covid-19 bólusetningu.

OS sanna, að covid-19 bólusetning eykur líkur á krabbameini.

Þess ber að geta, að hér er miðað við opinberar skráningar á aukaverkanalista. Það er vel rökstuddur grunur um og rannsóknir, sem benda til, að einungis einn tíundi hluti raunverulega meinviðbragða rati í þessa gagnagrunna.

Í trúnaðarskjölum frá lyfjafyrirtækjunum kemur m.a. fram:

Pfizergögnin afhjúpa, að 90% þungaðra kvenna í tilraunahópnum misstu fóstur. Lyfjastofnanir héldu þessu leyndu.

Opinber skjöl sanna, að bæði Pfizer og heilbrigðisyfirvöld létu hjá líða að upplýsa um hættur á meðgöngu, því rannsóknir á dýrum bentu til aukinnar hættu á fæðingargöllum og skerðingu frjósemi.

Trúnaðargögn frá Pfizer sýna, að covid-19 bóluefnið safnast fyrir í öllum líkamshlutum, þar með taldir eggjastokkarnir. Krabbamein í eggjastokkum eru nú tíðari en nokkru sinni.

Trúnaðargögn Pfizer sýna fram á aukaverkanir eins og sjálfsónæmissjúkdóma (auto immune) og bólusetningatengda sjúkdómstíðni (vaccine-associated enhanced disease), en yfirvöld völdu að láta þessa vitneskju sem vind um eyru þjóta.

Trúnaðargögn frá Pfizer afhjúpa þúsundir tilkynninga um meinviðbrögð og andlát, 90 dögum, eftir að bólusetningar hófust. En yfirvöld völdu að þegja þunnu hljóði um þetta.

Því má svo við bæta, að óháðar rannsóknir á innihaldi „bóluefnisins“ sýna, að þar er að finna alls konar aðskotaefni, m.a. fjölda iðnaðarmálma. Sannleiksfrömuðafyrirtæki iðnaðarins og yfirvalda hafa fyrir löngu vísað þessu á bug sem „falsfréttum.“

Að síðustu: Bandaríski fjölmiðlunarprófessorinn, Mark Crisp Miller, hefur verið iðinn við að halda til haga fréttum af skyndidauða og dularfullum slysum í lofti og á láði víðs vegar um heiminn. Í fréttayfirliti hans neðanmáls má kynna sér nokkur dæmi.

https://markcrispinmiller.substack.com/p/ben-afflecks-mother-rushed-to-hospital?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://expose-news.com/2022/08/28/biostructures-in-blood-vessels-deaths-have-just-begun/>

<https://expose-news.com/2022/08/28/depopulation-covid-vaccination-gov-knew-happen/>

